Nr. 25.
24.
oktbr.

# Lög

um

viðauka við sóttvarnarlög 17. desbr. 1875.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Ákvarðanir þær, sem lög 17. desbr. 1875, um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, hafa inni að halda, skulu ná til allra skipa, sem koma frá löndum, þar sem gengur pestkynjaður sjúkdómur eða einhver önnur hættuleg næm sótt, enda þótt slíkur sjúkdómur gangi ekki í þeirri höfn, sem skipið hefir lagt frá.

2. grein.

Ráðgjafanum og landshöfðingja (sbr 2. gr. laga 17. desbr. 1875) veitist vald til að skipa svo fyrir með auglýsingu, að menn, sem koma til Íslands frá löndum, þar sem gengur pestkynjaður sjúkdómur, skuli, til þess að þeim verði leyft að koma í land, hafa meðferðis leiðarbrjef, sem hinn danski verzlunarfulltrúi á þeim stað, sem hlutaðeigandi hefir lagt frá, eða ef enginn verzlunarfulltrúi er á staðnum, yfirvaldið þar hefir ritað á vottorð um, að hlutaðeigandi hafi eigi verið á þeim stað, sem sýktur sje af pest, svo marga daga áður en hann fór af stað, sem til tekið er í auglýsingunni.

3. grein.

Ef nauðsyn þykir til bera, veitist ráðgjafa Íslands og landshöfðingja vald til þess, annaðhvort að gefa út bann gegn því, að flutt sje til landsins frá útlöndum nokkuð það, sem uggvænt þykir að pestnæmt sje, svo sem varningur, fatnaður og farangur ferðamanna, dýr og fleira, eða að láta aðflutning slíkra hluta vera þeim skilyrðum bundinn, að þeim varúðarreglum sje fylgt, sem tjeð stjórnarvöld nákvæmar kveða á um, svo og vald til þess, að gjöra sjerstakar fyrirskipanir til þess, að hafa megi nauðsynlegt eptirlit með því, að eigi sje brotið á móti banni því og öðrum ákvörðunum, sem gjörðar eru eptir lögum þessum og lögum 17. desember 1875.

4. grein.

Brot gegn lögum þessum varða hegning þeirri, sem ákveðin er í lögum 17. desember 1875, 7. grein, ef eigi liggur þyngri hegning við eptir 293. grein hegningarlaganna.

Varningur og hvað helzt annað, er menn reyna til að flytja til landsins, eða fá flutt gegn flutningsbanni, skal upptækt vera, og á landssjóður andvirði þess, ef eigi ber að eyða því sökum sóttnæmis.

# Lov

Nr. 25.
24de
Oktober.

indeholdende

## Tillæg til Karantæneloven af 17de December 1875.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

De i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers, den asiatiske Koleras og andre smitsomme Sygdommes Indbringelse til Island af 17de December 1875 indeholdte Bestemmelser skulle være anvendelige med Hensyn til Skibe, der ankomme fra Lande, i hvilke der hersker pestagtig eller anden farlig smitsom Sygdom, selv om saadan Sygdom ikke hersker epidemisk i Afgangshavnen.

§ 2.

Ministeren for Island og Landshøvdingen (jfr. Lov af 17de Decbr. 1875 § 2) bemyndiges til ved Bekjendtgjørelse at anordne, at Personer, som ankomme til Island fra Lande, i hvilke der hersker pestagtig Sygdom, skulle, for at kunne tilstedes Adgang, være forsynede med Rejsepas, der af den danske Konsul paa Afgangsstedet, eller, i Mangel af saadan, af Stedets Øvrighed har erholdt Paategning om, at den Paagjældende i et i Bekjendtgjørelsen nærmere bestemt Antal Dage før Afrejsen ikke har opholdt sig paa pestsmittet Sted.

§ 3.

Ministeren for Island og Landshøvdingen bemyndiges til, forsaavidt det maatte anses fornødent, enten at udstede Forbud mod Indførslen fra Udlandet af Gjenstande, som kunne befrygtes at være Bærere af Smitstof, saasom Varer, Rejsendes Klæder, Rejsegods og Dyr m. m. eller at gjøre Indførslen af de nævnte Gjenstande afhængig af Iagttagelsen af saadanne Forsigtighedsregler som nærmere fastsættes af bemeldte Regjeringsmyndigheder, saavelsom til at give de særlige Forskrifter, som Tilsynet med Overholdelsen af de ifølge denne Lov samt Lov af 17de December 1875 udstedte Forbud og andre Bestemmelser maatte gjøre fornødne.

§ 4.

Overtrædelse af denne Lov straffes efter Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 § 7, forsaavidt højere Straf ikke er forskyldt efter almindelig Straffelov for Island § 293.

Varer og alle andre Gjenstande, som i Strid med Forbudet forsøges indførte eller ere blevne indførte, konfiskeres til Fordel for Landskassen, forsaavidt de ikke blive at tilintetgjøre paa Grund af deres Smitsomhed.

Nr. 25.

5. grein.

24. oktbr. Þessi lög öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í stjórnartíðindunum, og falla þá úr gildi bráðabirgðalög 21. febrúar 1879 og 4. apríl s. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 24. dag oktbrm. 1879.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

***Frederik,***

krónprinz.

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 5.

Nr. 25. 24de Oktober.

Denne Lov træder i Kraft den Dag, den bekjendtgjøres i Regjeringstidenden, og fra samme Tid træder foreløbig Lov af 21de Februar 1879 og 4de April s. A. ud af Kraft.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 24de Oktober 1879.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

I Kongens Navn

***Frederik,***

Kronprinds.

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*